



Náttúra fiskirækt ehf.  
Laxabraut 5  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 26. mars 2013

## Nýtrygging Frjáls ábyrgðartrygging Skírteini 1957841

Vátryggingartaki:

Náttúra fiskirækt ehf. 421111-1380

Félagið:

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Félagið vátryggir samkvæmt ákvæðum skírteinis þessa og vátryggingarskilmálum félagsins um frjálsa ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur.

**Hið vátryggða:** Mengun hafs og stranda, Bleikjueldi

Vátryggingarfjárhæð kr. 188.183.000

Eigin áhætta vegna ábyrgðartjóns 15 % þó að lágmarki kr. 86.500 og að hámarki kr. 865.000

**Forsendur iðgjalds:**

Z999 Mengun hafs og stranda

Vátryggingartímabil 22.02.2013 – 01.02.2014

### Sérsaminn skilmáli:

Sérskilmáli vegna bráðamengunartjóna skv. 16. gr. laga nr. 33/2004:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. skilmála tekur vátryggingin til bótaskylds bráðamengunartjóns samkvæmt 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr. 1078/200 þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi vátryggðs eða starfsmanns hans, enda sé um að ræða mengun hafs eða strandar sem krefst tafarlausra aðgerða.

Vátryggingin tekur jafnframt til kostnaðar af ráðstöfunum til að takmarka slikt tjón eða skaða.

Vátryggingin gildir hvar sem er innan mengunarlögsögu Íslands.

Abyrgð félagsins hvort sem er vegna hvers einstaks tjónsatburðar eða samtals á vátryggingarárinu takmarkast við 1.000.000,- SDR þrátt fyrir að annrarar fjarhæðar sé getið á vátryggingarskírteini Af hverju tjóni ber vátryggður eigin áhætta eins og getið er í skírteini eða iðgaldskvittun. Vátrygging skv. sérskilmála þessum tekur ekki til bótaábyrgðar sem er viðtækari en eftir þeim reglum sem gilda skv. lögum nr. 33/2004.

Enda þótt vátryggingin sé fallin úr gildi, ber félagið ábyrgð gagnvart tjónþola (þriðja manni) á hverju tjóni sem rekja má til tjónsatvika, sem verða þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að félagið tilkynnti vátryggðum og Umhverfisstofnun að átryggingin væri fallin úr gildi, nema önnur fullnægjandi vátrygging hafi verið tekin fyrir þennan frest.

Í slíkum tilvikum á félagið ætið endurkröfurétt á hendur vátryggðum, hafi félagið greitt bætur eftir að vátrygging hefur fallið niður.

Hafi félagið greitt bætur vegna bótaskylds bráðamengunartjóns á það endurkröfurétt á hendur vátryggðum eða hverjum þeim, sem valdið hefur tjóni með háttsemi, sem telst stórfellt gáleysi eða

Náttúra fiskirækt ehf.  
Laxabraut 5  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 26. mars 2013

ásetningur, sbr. 4. gr. reglugerðar sem sett er skv. lögum  
nr. 33/2004.

Varúðarregla:

Vátryggður skal gera ráðstafanir í starfsemi sinni til þess að  
tryggja öryggi efna sem valdið geta mengun eða bráðamengun, þar  
á meðal fylgja kröfum laga og reglugerða á því sviði sem  
starfsemi hans er.

Vakin er sérstök athygli á sérstökum undanþáguákvæðum vegna munatjóna í 6.gr. vátryggingarskilmála.

Iðgjald	kr	28.250
---------	----	--------

Komi til vanskila áskilur félagið sér rétt til að leggja á áminningagjöld samkv. gjaldskrá félagsins.